

## 1. Almenn

Samherji fiskeldi ehf. (kt. 610406-1060), Glerárgötu 30, 600 Akureyri, er með 1600 tonna rekstrarleyfi (FE-1072/IS-36054) til landeldis á laxi og bleikju að Stað, 241 Grindavík. Fyrirtækið sótti um stækkun leyfisins í 3000 tonn á laxi, bleikju og regnbogasilungi dags. 20. desember 2017.

Fiskeldisstöð Samherja fiskeldis að Stað er landeldi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Í umsókn Samherja fiskeldis um rekstrarleyfi til Matvælastofnunar er sótt um leyfi fyrir seiða- og matfiskeldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi. Bæði í umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og í tilkynningu Samherja fiskeldis til Skipulagsstofnunar kemur eingöngu fram að ala eigi lax og bleikju. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er því útgefið fyrir lax og bleikju og tekur því rekstrarleyfi Matvælastofnunar til þessa tveggja tegunda.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna aukins framleiðslumagns á eldi Samherja fiskeldis úr 1600 tonnum í 3000 tonn kemur fram að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í auknu magni næringarefna sem berast til sjávar. Hins vegar rennur fráveitan beint í opið haf og aðstæður með þeim hætti að styrkur næringarefna þynnist hratt út og lítil hætta á uppsöfnun þeirra. Skipulagsstofnun tekur undir með Fiskistofu varðandi það að hætta á að sjúkdómar geti borist í villta stofna frá stöðinni séu hverfandi. Um er að ræða landeldi í steypum kerum með ristum og allt frárennslisvatn stöðvarinnar mun einnig fara í gegnum stálgrindur sem varnar því að fiskur sleppi. Þar af leiðandi eru litlar líkur taldar á slysasleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til rista í kerum og búnaði í frárennsli.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn eru sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 6. september til 4. október 2019 skv. 10. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Samherja fiskeldis var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 20. mars 2014. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matskyldu til Skipulagsstofnunar þann 27. mars 2014. Í umsögninni kom fram að stofnunin taldi ekki þörf á að framkvæmdin færi í umhverfismat og var afstaða Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa metin út frá þáttum er snúa að sjúkdómum í samræmi við verksvið stofnunarinnar á þeim tíma. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 17. júlí 2014 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Matvælastofnun telur ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa þá horfir stofnunin til allra fyrirliggjandi gagna og þar með talið gögn er snúa að sjúkdómum og slysasleppingum.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Samherja fiskeldis að Stað við Grindavík er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

### 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Grindavíkurbæjar þann 13. mars 2019 vegna aukningar á framleiðslu Samherja fiskeldis að Stað við Grindavík. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

Í umsögn Fiskistofu, sem barst 8. maí 2019, kom fram að huga verði að því að búnaður við affall stöðvarinnar lágmarki líkurnar á því að eldisfiskur geti sloppið úr stöðinni. Fiskistofa nefnir einnig að litlar líkur séu á að fiskar muni berast frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska, þar sem affallið renni beint í sjó og stöðin sé ekki í nágrenni við veiðivötn. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem barst 16. apríl 2019, kemur fram að neikvæð áhrif starfseminnar á vistfræði umhverfisins sé hverfandi en að mikilvægt sé að öruggur búnaður sé við frárænsli til að lágmarka líkurnar á því að eldisfiskur sleppi út í viðtakann. Í umsögn Grindavíkurbæjar benda þeir á að ef að dæla eigi meira en 500 lítrum/sekúndu skal standa fyrir vöktun á áhrifum dælingarinnar á grunnvatn.

Gerð er krafa um að fiskeldisstöðvar á landi séu útbúnar búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárænsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskheldni stöðvarinnar að Stað er góð skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir og fram koma hér að ofan. Allt affall frá kerum rennur í gegnum ristar og síðar í gegnum stálgrindur til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi frá stöðinni og þ.a.l. eru litlar líkur á stroki frá stöðinni. Samherji fiskeldi hefur látið vinna fyrir sig tillögu að vöktunaráætlun vegna vatnsdælingar og áhrifum dælingunnar á grunnvatn á svæðinu.

### 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust engar athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma.

### 5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Matvælastofnun hefur gert breytingar á áður auglýstri tillögu er snúa að gildistíma rekstrarleyfisins og skilgreiningu á umfangi starfseminnar. Breytingar voru gerðar á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi með lögum nr. 101/2019 sem leiddu til þess að gildistími rekstrarleyfa var breytt úr 10 árum í 16 ár. Breyting laganna fól einnig í sér að í rekstrarleyfi skuli vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar mælt í leyfilegum lífmassa en áður voru skilyrði um að í rekstrarleyfi þyrfti að vera ákvæði um leyfilegt framleiðslumagn og hámarkslífmassa stöðvar.

### 6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Samherja fiskeldis til framleiðslu á 3000 tonnum af laxi og bleikju að Stað við Grindavík.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laganna og skilmálum rekstrarleyfis. Samhliða útgáfu rekstrarleyfis afhendir Matvælastofnun útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 4. desember 2035.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1141) kemur það í stað rekstrarleyfis Samherja fiskeldis til 1600 tonna landeldis á laxi og bleikju (FE-1141/IS-36054).

Selfossi, 4. desember 2019